

**Akeyrbær**

Geislagötu 9  
600 Akureyri

**Færsla Eyjafjarðarbrautar (821) við Hrafnagilshverfi**

Yðar tilvísun:

**I.**

Með bréfi þessu tilkynnist landeiganda að Vegagerðin hefur áform um færslu Eyjafjarðarbrautar vestri (821) um Hrafnagilshverfi. Megintilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja greiðari samgöngur og aukið umferðaröryggi.

-----

Síða 1/4

Samkvæmt aðalskipulagi færist vegurinn á um 4,2 km kafla. Verkinu verður skipt í tvennt og mun nýr vegur tengjast núverandi vegi sunnan við Hrafnagil og er sá kafli 3,1 km langur, sjá meðfylgjandi yfirlitsmynd.

Seinni hluti færslunnar, suður fyrir Stokkahlaðir, er ekki kominn á vegaáætlun og því óvist hvenær af þeiri framkvæmd verður. Nánari útfærslur á veglinu og heimreiðum á þeim hluta hafa ekki verið skoðaðar en sú hönnun verður látin bíða þar til áframhaldið kemst á vegaáætlun.

Vegurinn verður 8 metra breiður og með bundnu slitlagi. Heimreiðar verða 4 m breiðar. Grjótvörn verður sett meðfram vegi við Eyjafjarðará. Veghelgunarsvæði Eyjafjarðarbrautar vestri norðan við Miðbraut er 30 metrar til hvorrar áttar frá miðlinu vegar en 15 metrar sunnan Miðbrautar.

Verið er að vinna í könnun á matskyldu framkvæmdarinnar þar sem um þjóðveg í þéttbýli er að ræða.

Samkvæmt þinglýstum heimildum ert þú eigandi Botns, landnr. 152574, fasteignanr. F2158416, Eyjafjarðarsveit, sem verður fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Í bréfi þessu verður leitast við að lýsa stuttlega fyrirhuguðum framkvæmdum og hvað í þeim felst. Þá verður einnig gerð grein fyrir mögulegum áhrifum sem af þeim gæti hlotist fyrir þig sem landeiganda á áhrifasvæði framkvæmdanna.

**Vegagerðin**  
Borgartún 5-7  
105 Reykjavík  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

AKUREYRARBÆR	
Mótt.: 07.04.2021	
Málsnr.: 2021040416	
Lykill: 19 - 601	

## II.

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir færslu Eyjafjarðarbrautar vestri (821) austur fyrir Hrafnagilshverfi. Vegurinn verður 8 metra breiður með 7,8 metra bundnu slitlagi. Vegalagningin nær yfir 3,1 km langan kafla með tveimur tengingum inní Hrafnagilshverfi og tengingu að bænum Hrafnagili. Núverandi heimreið að Botni og Hranastöðum tengjast inn á nýja heimreið að Hrafnagili. Sett verður ræsi í Reyká. Efni í fyllingar til framkvæmdarinnar verður tekið úr áreyrum Eyjafjarðarár en efni í burðarlag og styrktalag úr námu við Munkaþverá. Áætlað efnismagn úr árfarvegum er um 99.000 m<sup>3</sup>. Efni í rofvarnir og klæðingu verður tekið utan framkvæmdasvæðisins og keyrt að.

Á framkvæmdartíma verður gætt fyllstu varúðar við meðferð mengandi efna og settar verða fram skýrar kröfur til verktaka sem mun annast verkframkvæmdina.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist um mitt sumar 2021 og ljúki árið 2022. Framkvæmdir eru háðar því að öll leyfi liggi fyrir og að samningum við landeigendur miði vel áður en framkvæmdir hefjast.

Síða 2/4

Hugsanlegt er að einhverjar breytingar verði á endanlegu flatarmáli þess lands sem þarf vegna framkvæmda. Verktími vegna fyrirhugaðra framkvæmda er áætlaður tvö ár.

## III.

Fyrirhuguð er breyting á legu Eyjafjarðarbrautar vestri, 821-02 og 821-03 í Eyjafjarðasveit. 821-02 er stofnvegur en 821-03 er tengivegur og eru skil þeirra við Miðbraut 823-01. Breytingin felst í færslu vegarins, til austurs, frá stöð 2100 um 750m norðan við þéttbýlishlið Hrafnagilshverfis, framhjá þéttbýlinu og aftur inn á núverandi veg um 200 metrum sunnan við afleggjara að Hranastöðum. Eyjafjarðarbraut vestri (821-02) verður áfram stofnvegur að stöð 4020 en þá tekur við kafli 821-03 sem verður tengivegur.

Vegagerðin

Í landi Botns er vegsvæði Eyjafjarðarvegar um 230 metra langt, milli stöðva 4980 og 5210 í miðlinu vegar. Nýr vegur liggur að mestu leyti um gróið land og á núverandi vegi.

Ofanvatnsræsi eru áætluð við stöð 4980, 5060 og 5160.

Girðingar þeirra hólfra sem nýr vegur þverar verða bættar með nýjum girðingum meðfram vegi.

Vegsvæði nýrrar Eyjafjarðarbrautar vestri (821-02) er 30 metra breitt, eða 15 metrar til hvorrar handar út frá miðlinu vegar. Vegsvæði núverandi Eyjafjarðarbrautar vestri (821-03), í landi Botns en í eigu Vegagerðarinnar er talið 12 metra breitt, eða 6 metrar til hvorrar handar út frá miðlinu vegar.

Land undir fyrirhugaða framkvæmd við Eyjafjarðarbraut vestri (821-02) er þá reiknað 6.788 m<sup>2</sup>. Af því telst Vegagerðin eiga 2.011 m<sup>2</sup> og vegsvæði sem telst

í eigu Vegagerðarinnar og verður skilað er 662 m<sup>2</sup>. Eignarhald vegsvæða verður í kjölfar samninga fært yfir til Vegagerðarinnar með þinglýsingum samnings og afsals, sbr. 38. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Meðfylgjandi bréfi þessu er uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða veglínu og vegsvæði í landi Hrafnagils, sjá fskj. 2: Eyjafjarðarbraut vestri (821) Botn vegsvæði – L152574 (F2158416). Grunnmynd. Teikninúmer W-12. Útg. B. Dags. des. 2020. Bent skal á að allar tölur og mælingar eru tilgreindar með fyrirvara um að einhverjar minniháttar breytingar gætu orðið á þeim við frekari hönnun verksins. Þá gæti orðið um minniháttar tilfærslu á veglínu að ræða miðað við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar.

#### IV.

Í samræmi við VII. kafla vegalaga, nr. 80/2007, er landeiganda skylt að láta af hendi land sem þarf til þjóðvegagerðar og hvers kyns veghalds, svo sem breytinga, breikkunar eða viðhalds, enda komi fullar bætur fyrir. Þá ber landeiganda jafnframt að leyfa efnistöku í landi sínu til vegagerðar, enda bætist það að fullu. Framangreind skylda til þess að láta eignarréttindi af hendi nær einnig eftir atvikum til annarra rétthafa sem eiga réttindi á landi, sbr. 1. mgr. 37. gr. laganna.

-----  
Síða 3/4

Vegagerðinni ber að tilkynna landeigendum, og eftir atvikum öðrum rétthöfum, þegar áformáð er að fara í framkvæmdir sem hafa í för með sér skerðingu á eignarréttindum, sbr. 2. mgr. 37. gr. vegalaga. Þá skal Vegagerðin gefa tiltekinn frest til þess að koma að athugasemdirum við tilhögun framkvæmda, sbr. 3. mgr. 37. gr. vegalaga.

Hér með tilkynnir Vegagerðin þér um fyrirhuguð áform og er veittur fjögurra vikna frestur frá dagsetningu bréfs þessa til þess að koma að athugasemdirum við tilhögun framkvæmda, ef einhverjar eru. Þess er óskað að athugasemdir og skýringar verði sendar á eftirfarandi póstfang:

Vegagerðin

[magnus.bjornsson@vegagerdin.is](mailto:magnus.bjornsson@vegagerdin.is) með afrit á netfang  
[margret.s.thorkelsdottir@vegagerdin.is](mailto:margret.s.thorkelsdottir@vegagerdin.is)

Til þess að tryggja skjóta afgreiðslu er einnig óskað eftir staðfestingu ef engar athugasemdir eru gerðar við tilhögun. Að athugasemda fresti liðnum verður landeiganda sent tilboðsbréf um land- og efnisbætur eftir því sem við á.

Nánari upplýsingar um framkvæmdirnar og tilhögun verksins má einnig fá hjá Vegagerðinni:

Vegagerðin  
Margrét Silja Þorkelsdóttir, verkfræðingur.  
netfang: [margret.s.thorkelsdottir@vegagerdin.is](mailto:margret.s.thorkelsdottir@vegagerdin.is)  
Miðhúsavegur 1  
600 Akureyri  
Beinn sími: 522-1830.

*Fylgiskjal:*

*Uppdráttur sem sýnir fyrirhugaðar framkvæmdir vegna færslu Eyjafjarðarbrautar vestri um land Botns*

*Yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaðar framkvæmdir vegna færslu Eyjafjarðarbrautar vestri um allan framkvæmdakaflann.*

-----  
Síða 4/4

---

**Vegagerðin**

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Margrét Silja Þorkelsdóttir

*Undirskrift*

Margrét Silja Þorkelsd.